

Straumar og stefnur BA-ritgerða í félagsráðgjöf

Frá 2002-2011

Sigríður Elfa Þorgilsdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið**

Straumar og stefnur BA-ritgerða í félagsráðgjöf

Frá 2002-2011

Sigríður Elfa Þorgilsdóttir

0401734129

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Umsjónarmaður: Halldór Sigurður Guðmundsson

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Sigríður Elfa Þorgilsdóttir 2012

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2012

ÚTDRÁTTUR:

Rannsóknin var unnin með eiginlegri rannsóknaraðferð. Rannsóknargögnin voru allar opnar BA-ritgerðir nemenda í félagsráðgjöf frá árinu 2002 til vors 2011. Rannsóknarspurningin var:

Hvaða viðfangsefni hafa nemendur valið að fjalla um í BA-ritgerðum sínum? „Er eitt námskeið í BA-náminu að fá meiri athygli nemenda en önnur?“ „Skiptir máli á hvaða ári námskeiðin í félagsráðgjöf eru kennd?“ og „Hvernig raðast ritgerðirnar niður á umsjónarmenn/leiðbeinendur?“

Efnisorðunum var skipt upp í fyrsta, annað og þriðja efnisorð. Flestar ritgerðanna falla undir námskeið sem kennd eru á fyrsta ári eða 38% þeirra. 21% falla undir námskeið á öðru ári og 29% undir námskeið sem kennd eru á þriðja ári. 12% falla undir valnámskeið.

Ritgerðirnar dreifast á milli leiðbeinenda og er ekki hægt að segja að ákveðin efnisorð eigi meira heima hjá einum leiðbeinanda frekar en öðrum, en þó er hægt að sjá ákveðin þemu í því.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR:	2
Efnisyfirlit	3
FORMÁLI	4
INNGANGUR:	5
1 FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	6
1.1 Saga félagsráðgjafanámsins	6
1.2 Fagþróun félagsráðgjafar	9
1.3 Námskenningar	12
2 FRAMKVÆMD	14
3 NIÐURSTÖÐUR	15
3.1 Tegund ritgerðar og kynjaskipting	15
3.2 Annað efnisorð	16
3.3 Efnisorð og námskeið	20
3.3.1 Efnisorð og valnámskeið	30
3.3 Ritgerðir og leiðbeinendur	33
4 UMRÆÐA	39
HEIMILDASKRÁ	43

FORMÁLI

Þessi ritgerð er unnin sem lokaritgerð í BA námi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands vorið 2012. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á rannsóknum og fannst mér áhugavert að skoða hvaða efni nemendur í félagsráðgjöf hafa valið að skrifa um í BA-ritgerðum sínum.

Við gerð þessarar ritgerðar naut ég aðstoðar og hvatningar frá mörgum aðilum. Leiðbeinanda mínum Halldóri Sigurði Guðmundssyni þakka ég fyrir góðar leiðbeiningar og hvatningu. Kristínu Helgu Helgadóttur þakka ég fyrir yfirlestur og góðar ábendingar.

Ég vill þakka eiginmanni mínum Bjargmundi fyrir aðstoð með tæknileg málefni, þolinmæði og hvatningu. Ættingjum og vinum og þá sérstaklega börnum mínum Arnari, Tinnu og Elísu þakka ég fyrir að hafa sýnt mér þolinmæði og stuðning í náminu.

INNGANGUR:

Nám í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands á sér ekki langa sögu en þrátt fyrir það er það komið langan veg í þróun sinni. Námið er uppsett eftir evrópskum stöðlum og er því skipt í þriggja ára nám til BA gráðu og tvö ár til viðbótar til MA gráðu. Til þess að ljúka BA prófi í félagsráðgjöf er nemendum skylt að skrifa 12 eininga BA- ritgerð. Ritgerðin er sett fram sem tækifæri fyrir nemandann að dýpka sig á því sviði sem áhugi hans liggur. Það er því áhugavert að skoða þær ritgerðir sem hingað til hafa verið skrifaðar. Helsta markmið BA- ritgerðar er að veita nemandanum tækifæri til þess að sýna þá hæfni sem hann hefur öðlast í náminu. Nemandinn þarf að sýna að hann geti unnið sjálfstætt og að hann geti nýtt þá þekkingu sem hann hefur hlotið í náminu. Nemandinn þarf einnig að geta sýnt fram á að hann fari rétt með heimildir og noti þær á viðeigandi hátt (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2009-e).

Í þessari ritgerð, sem er unnin eftir eigindlegri og megindelegri rannsóknaraðferð, verða allar opnar BA-ritgerðir nemenda í félagsráðgjöf frá árinu 2002 til vorsins 2011 notaðar sem rannsóknargögn og eru þau notuð til þess að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum. Hvaða viðfangsefni hafa nemendur valið að fjalla um í BA-ritgerðum sínum? Þeirri spurningu verður svarað því að skoða efnisorð BA-ritgerða. Er eitt námskeið í BA-náminu að fá meiri athygli nemenda en önnur? Skiptir máli á hvaða ári námskeiðin í félagsráðgjöf eru kennd? Hvernig raðast ritgerðirnar niður á umsjónarmenn/leiðbeinendur?

Notagildi ritgerðarinnar liggur í upplýsingum um hvaða málefni mest hefur verið fjallað um á síðustu 10 árum og getur hún nýst kennurum deildarinnar í að sjá hvaða málefni hafa verið efst á baugi, hvaða námskeiðum ritgerðirnar tengjast helst og einnig hvernig málefnin raðast niður á hvern leiðbeinanda. Ritgerðin getur einnig nýst nemendum í félagsráðgjöf til þess að sjá hvaða málefni mest hefur verið fjallað um og þá um leið hvaða málefni þarf nánari umfjöllun.

1 FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

1.1 Saga félagsráðgjafanámsins

Árið 1966 var unnið að endurskipulagningu félagslegrar þjónustu hjá Reykjavíkurborg og var mikil vöntun á félagsráðgjöfum. Í kjölfar umræðna voru tillögur þess efnis, að annað hvort yrði komið á laggirnar félagsráðgjafanami hér á landi eða fólki veitur styrkur til þess að fara utan í nám, lagðar fram fyrir borgarstjórn Reykjavíkur. Yfirlæknir Kleppsspítala var á sama máli og ýtti það undir tillöguna um að hér yrði stofnaður félagsráðgjafaskóli. Árið 1969 hófust viðræður milli Háskóla Íslands og starfandi félagsráðgjafa um hvort hægt væri að bjóða upp á nám í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands. Félagsráðgjarnir voru óvissir um framkvæmdina og töldu að nám hér á landi yrði aldrei jafn gott og erlendis. Fáir félagsráðgjafar voru starfandi á þessum tíma og töldu þeir þess vegna að starfsnámið yrði ekki eins og best yrði á kosið (Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir, 2008).

Árið 1971 var þörfin fyrir félagsráðgjafanám enn til staðar og var umræðan um nám hér á landi tekin upp aftur. Björn Björnsson prófessor og nefndarmaður í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar tók upp viðræður við Háskóla Íslands um að brýn þörf væri að koma náminu á og vísaði hann á ályktun félagsmálaráðs frá árinu 1969 máli sínu til stuðnings. Í ályktuninni kom fram nauðsyn þess að námi yrði komið á hér á landi vegna verulegs skorts á félagsráðgjöfum bæði við sjúkrahús og félagsmálastofnanir. Magnús Torfi Ólafsson, þáverandi menntamálaráðherra, skipaði þá nefnd sem fara átti yfir möguleika á því að koma slíku námi á hér á landi. Nefndin skilaði álit sínu árið 1974 og þótti nefndinni tímabært að hefja kennslu í félagsráðgjöf. Nefndin rökstuddi álit sitt með því að bæði vantaði menntaða félagsráðgjafa sem og nauðsyn væri á að þeir væru menntaðir með íslenskar aðstæður í huga. Meðan nefndin starfaði fékk Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi sem einnig átti sæti í nefndinni styrk til þess að fara utan í framhaldsnám. Þar lærði hún undirbúning að kennslu í aðferðafræði félagsráðgjafa en með þessu var undirbúningur fyrir kennslu hér á landi hafinn. Þrátt fyrir álit nefndarinnar fékkst ekki fjárveiting úr fjárlögum ríkisins (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Félagsmenn stéttarfélags félagsráðgjafa voru ekki allir á sama máli um hvernig staðið skyldi að menntun félagsráðgjafa hér á landi. Á Norðurlöndunum var námið kennt í félagsráðgjafaskólum og voru margir sem töldu það bestu leiðina hér á landi og fannst ótækt að námið yrði kennt í Háskóla Íslands.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands tók til starfa árið 1976 og voru væntingar til þess að félagsráðgjöf yrði þar á meðal námsgreina. Þær væntingar voru þó óraunhæfar að þessu sinni þar sem enn fékkst ekki fjárveiting fyrir náminu.

Undirbúningur og viðræður vegna náms í félagsráðgjöf hófust svo fyrir alvöru árið 1977 og varð námið að veruleika á skólaárinu 1979 til 1980 (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Námið var byggt upp á þann hátt að tekið var BA-próf í félagsfræði, sálfræði eða uppeldisfræði en tekin voru ákveðin valfög í félagsráðgjöf. Að loknu BA-prófi var boðið upp á 30 eininga nám til starfsréttinda og var námið bæði bóklegt og verklegt (Háskóli Íslands, 1980). Fyrstu félagsráðgjafarnir menntaðir á Íslandi útskrifuðust árið 1982 (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Mikil áhersla var lögð á að nemendur fengju fræðilega menntun á sviði félagsvísinda og var hún samþætt þeim veruleika sem beið starfandi félagsráðgjafa á vettvangi. Á þessum tíma var aðeins einn fastráðinn starfsmaður við kennslu í félagsráðgjöf. Ástæða þess að ekki voru fleiri ráðnir til starfa var tvíþætt; annars vegar vegna skorts á fjármagni til Háskólans og hins vegar vegna þeirra menntunarkrafa sem Háskólinn setti. Þess í stað voru starfandi félagsráðgjafar fengnir til þess að miðla starfsreynslu sinni til nemenda. (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Fyrir kennsluárið 1991 til 1992 var Sigrún Júlíusdóttir ráðin til starfa og var hún fyrsti lektor í félagsráðgjöf (Háskóli Íslands, 1991). Í kjölfarið voru markmið grunnnámsins skilgreind og voru þau þrjúþætt.

Í fyrsta lagi skyldi námið:

...veita fræðilega undirstöðu og þjálfun til þess að starfa við ráðgjöf og meðferð skjólstæðinga, bæði einstaklinga, fjölskyldna og hópa. Í því fólst þjálfun í beitingu fjölpætttrar nálgunar og aðferða, m.a. í samfélagsvinnu (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008, bls. 40-41).

Í öðru lagi skyldi það:

...veita undirbúning til að sinna stjórnun þjónustustofnana og stefnumörkun í málaflokkum á sviði heilbrigðis og félagsmála. Síðast en ekki síst skyldi það veita trausta undirstöðu til að skipuleggja og stýra þróunarverkefnum, framkvæma árangurs- og gæðamat og stunda rannsóknir til að skapa nýþekkingu á málefnum tengdum vettvangi félagsráðgjafar (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008, bls. 40-41).

Í þriðja lagi skyldi það:

Veita trausta undirstöðu til að skipuleggja og stýra þróunarverkefnum, framkvæma árangurs- og gæðamat og stunda rannsóknir til að skapa nýþekkingu í málefnum tengdum vettvangi félagsráðgjafar (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008, bls. 40-41).

Þegar námið var orðið að fullnaðarnámi fjölgaði nemendum ört og varð að grípa til þess ráðs að setja fjöldatakmörkun á námið (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Haustið 2005 var boðið upp á BA-nám í félagsráðgjöf og var þá tekin í gildi ný námsskipan (Háskóli Íslands, 2005). Fyrir skólaárið 2006 til 2007 var námið skipulagt eftir evrópskum viðmiðum og tekur námið nú fimm ár til starfsréttinda. Fyrst þrjú ár til BA-gráðu og svo tvö ár til viðbótar til MA-gráðu til starfsréttinda. Fjöldatakmörkun í BA-náminu var felld niður en látin gilda áfram í MA-náminu (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Fram til ársins 2002 var eingöngu í boði ein lína í meistaranámi og var það starfsréttindanámi, en árið 2002 bættist við rannsóknartengt meistaranám. Árið 2006 var í fyrsta sinn boðið upp á diplómanám í deildinni og var boðið upp á réttarfélagsráðgjöf. Eftir fylgdi diplómanám í áfengis- og vímuefnamálum, skólafélagsráðgjöf, öldrunarmálum og fjölmeningarfélagsráðgjöf og voru þessar línur allar í boði á haustönn 2007. Þetta sama ár var félagsráðgjafardeildinni veitt gæðavottun á námið frá *European Network for Quality Assurance in Study Programs in Social Professions*. Samkvæmt gæðavottun þessari uppfyllir námið viðmið sem gerð eru í evrópskum háskólum. Háskóli Íslands er fyrsti háskólinn á Norðurlöndunum til þess að hljóta þessa gæðavottun (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

BA-nám í félagsráðgjöf er þriggja ára nám eða 180 einingar. Af þessum 180 einingum eru 168 einingar teknar í skyldufögum sem skiptast í félagsmálalöggjöf, sérhæfð námskeið í félagsráðgjöf, aðferðafræði, klínísk námskeið og BA-ritgerð. Tólf valeiningar eru á námsáætlun og er ætlast til þess að þær séu teknar á félagsvísindasviði. Hægt er að sækja um undanþágu ef óskað er eftir að taka fög utan deildar (Félagsráðgjafardeild Háskóli Íslands, 2012-b).

Markmið námsins er að veita nemendum „undirstöðuþekkingu á starfsvettvangi, kenningum, starfsaðferðum félagsráðgjafar og þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda. Nemendur öðlast einnig þekkingu á félagslegum vandamálum og afleiðingum þeirra, úrræðum velferðarkerfisins og löggjöf á ýmsum sviðum“ (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2012-a).

Brautryðjendaárin eru nú að baki og þróun félagsráðgjafar á Íslandi komin langan veg á þessum 30 árum. Í október 2010 voru 574 félagsráðgjafar með starfsleyfi (Félagsráðgjafafélag Íslands, 2010) og á sama tíma var 421 nemandi skráður í nám í félagsráðgjöf. Kynjaskiptingin var 37 karlar og 384 konur (Háskóli Íslands, 2012-a). Af þeim 421 nemanda í félagsráðgjöf voru 45 nemandar í meistaranámi til starfsréttinda, 42 konur og þrjú karlar (Háskóli Íslands, 2012-b).

1.2 Fagþróun félagsráðgjafar

Óhætt er að segja að bakgrunn félagsráðgjafar megi finna í góðgerðasamtökum á borð við *Charity Organization society (COS)* sem stofnsett voru í London árið 1869. Sömu samtök voru stofnsett í Bandaríkjunum 1870. Á þessum tíma voru starfrækt allmörg góðgerðarsamtök en það sem stofnendum *COS* fannst vanta voru samtök með heildarsýn. *COS* hafði heildarsýnina að markmiði og voru með kerfisbundna neyðarhjálp til skjólstæðinga sinna og var markmiðið að draga úr fátækt (Smith, 2002). Samtökin *Toynbee Hall* voru stofnuð í London árið 1884. Sett var upp nágrannamiðstöð í þeim tilgangi að komast nær því fólki sem barðist við fátækt í kjölfar þeirra miklu þéttbýlismyndunar sem varð til í iðnvæðingunni. Árið 1886 voru slík samtök stofnsett í New York (Social settlement, 2009).

Ekki er hægt að ræða fagþróun félagsráðgjafar án þess að minnst á þær Jane Addams og Mary Richmond.

Jane Addams var mikil baráttukona og var hún einn helsti frumkvöðull Bandaríkjanna í félagslegum málefnum. Hún barðist gegn almennri mismunun fólks og var ein af fyrstu

femínistunum sem barðist fyrir réttindum kvenna. Hún stofnaði nágrannamiðstöðina *Hull House* í fátækrahverfi þar mikil þörf var á úrræðum. Sjálf bjó hún í þar og vann eftir hugsjón sinni sem var að mæta fólki þar sem það var stutt ásamt því að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Hún taldi mikilvægt að vinna með fólki á jafningja grundvelli í stað þess að valdið kæmi að ofan eins og oft tíðkaðist (Hamington, 2010).

Mary Richmond vann hjá góðgerðarsamtökunum *COS* í Bandaríkjunum þar sem lögð var áhersla á að reyna að vinna gegn fátækt. Unnið var út frá heildarsýn í hjálpinni og litið á fjölskylduna sem heild. Árið 1909 hóf hún störf sem forstöðumaður *Russell Sage Foundation*. Þar barðist hún áfram gegn fátækt og lagði áherslu á að ríki og sveitafélög veittu meira fjármagni til aðstoðar fátækum. Hún var frumkvöðull á sviði menntunar félagsráðgjafa og skrifaði bækur þar sem hún lagði áherslu á aðferðir og úrræði í góðgerðarmálum. Árið 1899 skrifaði hún bókina *The friendly visiting among the poor*. Árið 1917 skrifaði hún *Social diagnosis* (Murdach, 2007) en með tilkomu hennar er talið að grunnur hafi verið lagður að viðurkenndum starfsaðferðum félagsráðgjafa (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Bókin *What is Social Case work?* var skrifuð 1922 (Murdach, 2007) og var notuð í kennslu í félagsráðgjöf (Beels, 2002).

Fyrsti félagsráðgjafaskólinn í heiminum var stofnsettur í Hollandi árið 1899. Þar var lögð áhersla á að þjálfa nemendur á ákveðnum sviðum félagsráðgjafar. Árið 1903 var fyrsti skólinn í félagsráðgjöf settur á stofn í Englandi, *The School of Sociology*, og var hann starfræktur á styrkjum frá *COS* fram til ársins 1912, þegar hann var sameinaður *The London School of Economics*. Árið 1903 var félagsráðgjöf kennd í háskólanum í Chicago í Bandaríkjunum. Félagsráðgjöf átti sér ekki kenningarlegar undirstöður og var þekking sótt í hinar ýmsu fræðigreinar (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Fyrstu launuðu félagsráðgjafarnir í Bandaríkjunum unnu á sjúkrahúsum. Á þeim tíma þróaðist sú þekking að sjúkdómar tengdust félagslegum högum fólks og umhverfi. Félagsráðgjafarnir unnu út frá heildarsýn og töldu það mikilvægt þegar unnið var með sjúklinga (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Félagsráðgjöfin þróaðist seinna á Norðurlöndunum og var fyrsti félagsráðgjafaskólinn stofnsettur í Svíþjóð árið 1921, í Danmörku 1937 og í Noregi 1950 (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Á Íslandi þróaðist félagsráðgjöf eins og annars staðar út frá góðgerðarmálum en Ísland hefur þá sérstöðu að hafa haft í lögum, allt frá Grágás, að aðstoða þyrfti fátækt fólk. Í Jónsbók frá árinu 1280 er gerð grein fyrir aðstoð við fátæka og seka.

Iðnbylting var mun seinna á ferðinni á Íslandi en í öðrum löndum og hófst hún um 1907 með komu fyrsta togarans til landsins. Þá flutti fólk úr sveitum til borga og við það hófst borgarmenningin og fylgdu henni ýmis vandamál. Lög um alþýðutryggingar tóku gildi árið 1936 og var það fyrsta heildstæða framfærslu- og tryggingarlöggjöfin á Íslandi. Stórt skref var tekið árið 1946 þegar almannatryggingalögin tóku gildi. Mikill metnaður var settur í lagasetninguna og með henni átti Ísland að standa jafnvel og aðrar þjóðir. Með löggjöfinni var mikið framfaraskref tekið í málefnum fátækra því með henni stóðu allir jafnir gagnvart lögunum.

Félagsþjónusta Reykjavíkurborgar var orðin nokkuð fastmótuð í kringum 1960 og þar störfuðu fyrstu félagsráðgjafarnir; þær Guðrún Jónsdóttir, Kristín Gústavsdóttir, Margrét Margeirsdóttir og Margrét Steingrímsdóttir, tvær hjá félagsþjónustunni og tvær hjá heilsuvernd (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Árið 1964 var Stéttarfélag félagsráðgjafa stofnað af þessum sömu konum og unnu þær frumkvöðlastarf í félagsráðgjöf hér á landi. Markmið félagsins var til dæmis að koma félagsráðgjöf á framfæri, efla rannsóknir og standa fyrir almennri fræðslu á félagslegum málefnum, gæta hagsmuna félagsmanna og leiðbeina nenum í félagsráðgjöf. Félagið stóð fyrir fræðslu og útgáfustarfsemi og því að félagsmenn kæmu og héldu erindi um málefni sem snéru að störfum þeirra. Einnig stóðu þeir fyrir því að fá erlenda fyrirlesara. Árið 1987 hóf félagið útgáfu á Félagsráðgjafablaðinu þar sem birtar voru greinar og fréttir tengdar félagsráðgjöf. Árið 2006 hóf félagið útgáfu á Tímariti félagsráðgjafa, en þar voru og eru birtar greinar sem skrifaðar eru af félagsráðgjöfum og er hluti þeirra ritrýndur (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008). Siðareglur Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og síðar Félagsráðgjafafélags Íslands voru gefnar út í lok árs 1997. Siðareglurnar eru sáttmáli félagsráðgjafa um að fagmennsku sé gætt í samstarfi við skjólstæðinga og samfélagið allt. Siðareglurnar eru tuttugu talsins og koma þær inn á skyldur félagsráðgjafa í samvinnu við annað fólk (Ása F. Þorgeirsdóttir o.fl., 2008).

Rannsóknaraðferðir eru stór hluti náms í félagsráðgjöf. Félagsráðgjafar eru í mikilli nálægð við fólk sem gerir þá vel til þess fallna að sjá hvaða málefni þarf að rannsaka. Mikil

fagþróun hefur orðið á síðustu árum og má rekja hana til rannsókna því það er ein besta leiðin til þess að dýpka þekkingu og skilning á málefnum (Sigrún Júlíusdóttir, 1989).

1.3 Námskenningar

John Dewey er einn af fremstu heimspekingum Bandaríkjanna, hann var einnig sálfræðingur og frumkvöðull á sviði menntamála. Hann skrifaði fjöldann allan af bókum úr frá heimspekilegri hugsjón sinni (Festenstein, 2009).

John Dewey og Jane Addams unnu mikið saman og deildu þau til að mynda skoðunum um reynslunám og nálgun þess. Hann var stjórnarformaður *Hull House* og var því tíður gestur þar. Dewey og Addams höfðu mikil áhrif á vinnu hvors annars og er ein af bókum Dewey, *Liberalism and Social Action*, tileinkuð Addams (Festenstein, 2009).

Dewey (1938/2000) fjallar um að mikilvægt sé að líta á nám sem reynslu sem hlýst af samspili, einstaklingsvinnu nemenda, samvinnu nemenda og leiðsögn kennara. Þegar þetta samspil tekst vel nær nemandinn að tileinka sér námsefnið og lærir það betur og um leið þroskar hann þekkingu sína og siðferði. Dewey telur nauðsynlegt, til þess að menntun geti átt sér stað, að einstaklingurinn geti tileinkað sér þekkingu annarra og lært af reynslu þeirra. Það er einnig nauðsynlegt að nemandinn öðlast sína eigin reynslu. Þessi víða nálgun, það er að segja reynsla kennara, námsefnið og hugvit nemandans er nauðsynleg blanda til þess að ná fram ákveðnum þroska. Reynslan skapast af samspili einstaklings og utanaðkomandi áhrifa. Samfélagið og einstaklingar hafa áhrif á líf okkar og þroska. Að sama skapi höfum við áhrif á þá og telur Dewey að við þetta samspil þroskumst við (Dewey, 1938/2000).

Skoðum uppsetningu BA- náms í félagsráðgjöf út frá skoðun Deweys á reynslunámið.

Nemendum stendur ekki til boða að fara í starfsnám í þessu námi. Þess í stað er starfsfólk af vettvangi fengið til þess að koma inn í kennslustundir og miðla reynslu sinni til nemenda (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2012-c). Á þennan hátt mótast hugur nemenda ekki eingöngu af reynsluheimi eins kennara heldur reynslu margra starfandi félagsráðgjafa. Með þessu móti aukast líkur á fjölbreytileika og þessi fjölbreytta nálgun hefur áhrif á þroska nemenda (Dewey, 1938/2000).

Til þess að nemendur geti lokið prófi í félagsráðgjöf eru viss atriði sem þeir þurfa að hafa tileinkað sér. Nemandinn þarf að sýna að hann hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, sýni skilning á hugmyndafræði og kenningum félagsráðgjafar. Nemandinn þarf að skilja þróun

félagsráðgjafar og í hverju hún felst. Hann þarf að hafa þekkingu á öllum helstu hugtökum sem falla undir félagsráðgjöf og sýna fram á gagnrýna hugsun á ólíkum sjónarmiðum og kenningum. Nemandinn þarf að hafa tamið sér sjálfstæð og fagleg vinnubrögð. Hann þarf að geta sett sér markmið og staðið við tímaramma (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2012-b).

Sálfræðingurinn Jean Piaget hafði mikil áhrif á þróun námskenninga. Hann setti fram Vitsmunakenninguna (e. Theory of Cognitive Development) sem leggur áherslu á að fyrst þurfi að læra grunninn og þekkingin sé byggð þar ofan á stig af stigi. Piaget telur að reynslan þroski manninn og til þess að öðlast reynslu þurfi að takast á við raunveruleg verkefni (Beckett og Taylor, 2010).

2 FRAMKVÆMD

Rannsókn þessi var framkvæmd með eigindlegri og meginlegri rannsóknaraðferð þar sem allar opnar BA-ritgerðir nemenda í félagsráðgjöf frá árinu 2002 til ársins 2011 eru notaðar til gagnaöflunar. Með opnum ritgerðum er átt við þær ritgerðir sem aðgengilegar eru á Skemmunni og/eða Þjóðarbókhöfðunni. Ástæða þess að ritgerðirnar eru ekki aðgengilegar almenningi eru ýmist vegna ákvarðanna nemenda um að leyfa ekki birtingu þeirra eða þær innihalda viðkvæm gögn sem ekki er ráðlegt að birta.

Ritgerðirnar frá árinu 2002 til 2008 voru sóttar á Þjóðarbókhöfðu þar sem forsíða og útdráttur var ljósritaður, ritgerðirnar frá 2008 til 2011 voru sóttar á Skemmu og unnið úr forsíðu og útdrætti.

Gögnin voru skráð í Excel og er úrvinnsla rannsóknarinnar meginleg. Skráð var niður nafn nemanda, kyn nemanda, útgáfuár ritgerðar, tegund ritgerðar, efnisorð eitt til þrjú, umsjónarmaður/leiðbeinandi og aðstoðarleiðbeinandi. Eftir að úrvinnsla hófst vaknaði áhugi á að vita hvernig ritgerðirnar flokkast eftir námskeiðum og voru uppgefin efnisorð notuð í flokkunina. Í nokkrum tilvikum voru ritgerðirnar skrifaðar af tveimur nemendum en þá var sá nemandi sem fyrr var nefndur, talinn sem höfundur ritgerðar.

Aðalúrvinnsla rannsóknarinnar fólst í flokkun á fyrstu þremur efnisorðum ritgerðanna. Ritgerðirnar frá árinu 2002 til ársins 2008 voru ekki með uppgefin efnisorð en í þeim ritgerðum sem teknar voru af Skemmunni mátti finna uppgefin efnisorð. Í ritgerðunum frá 2002 til 2008 voru efnisorðin því valin úr ritgerðum nemendanna. Fyrsta efnisorðið er sameiginlegt í öllum ritgerðunum en það er efnisorðið *félagsráðgjöf*, annað efnisorðið var valið af forsíðu og þriðja efnisorðið var valið úr útdrætti í þeirri röð sem þau birtust. Það kom þó fyrir að nafn ritgerðar hafði ekkert með efni hennar að gera og var þá bæði annað og þriðja efnisorð valið úr útdrætti í þeirri röð sem þau birtust. Í ritgerðunum 2008 til 2011 var notast við þau efnisorð sem upp voru gefin.

Ritgerðir eru flokkaðar eftir því hvort þær séu heimildaritgerðir eða rannsóknir. Til heimildaritgerða falla þær ritgerðir sem byggja á heimildum og rannsóknum sem gerðar eru af öðrum en höfundi. Til rannsókna teljast ritgerðir sem byggja á heimildum og ýmist eigindlegum eða meginlegum rannsóknum sem höfundur tók sjálfur þátt að í gera. Ekki er gerður greinarmunur á ritgerðum sem byggja á eigindlegri eða meginlegri rannsóknaraðferð en þær ritgerðir eru flokkaðar sem rannsóknir.

3 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst verður fjallað um fjölda og tegundir ritgerða sem og kynjaskiptingu höfunda. Næst verður fjallað um efnisorð ritgerðanna og skiptast þau í annað og þriðja efnisorð. Fjallað verður um efnisorð í tengingu við námskeið sem kennd eru í félagsráðgjöf og að lokum eru ritgerðirnar skoðaðar út frá umsjónarmönnum/leiðbeinendum.

3.1 Tegund ritgerðar og kynjaskipting

Á árunum 2002 til vorsins 2011 voru birtar 247 lokaritgerðir. Þær skiptust upp eins og sjá má á töflu 1 í 119 heimildaritgerðir og 128 rannsóknarskýrslur.

Tafla 1. Fjöldi lokaritgerða eftir tegund.

Lokaritgerðir	Samtals
Heimildaritgerðir	119
Rannsóknir	128
Samtals	247

Félagsráðgjöf hefur orð á sér að vera kvennafag enda eru mun fleiri konur en karlar sem stunda nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Það kemur því ekki á óvart að á árunum 2002 til ársins 2011, voru 227 konur á móti 20 karlum sem skiluðu inn ritgerð. Eins og sjá má í töflu 2 hefur nemendum í félagsráðgjöf fjölgað umtalsvert á þessum árum. Árin 2002, 2004, 2005 og 2007 voru engir karlar í námi í félagsráðgjöf. Árið 2011 voru 47 konur og 4 karlar sem skiluðu inn ritgerð. Karlmenn eru um það bil 8,1% nemenda að meðaltali.

Tafla 2. Lokaritgerða flokkaðar eftir útgáfuári og kyni nemenda.

KYN	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	ALLS
KVK	5	3	14	9	17	28	37	29	38	47	227
KK	0	1	0	0	3	0	3	4	5	4	20
ALLS	5	4	14	9	20	29	42	33	43	51	247

3.2 Annað efnisorð

Hér verður fjallað um annað efnisorð ritgerðanna og er lögð áhersla á efnisorð sem komu fyrir fjórum sinnum eða oftár. Annað efnisorð er einnig skoðað úr frá þriðja efnisorði en með því er betur hægt að skoða innihald ritgerðanna.

Þegar annað efnisorðið er skoðað koma fram 149 mismunandi efnisorð en nokkur þeirra koma fyrir tvisvar eða oftár. Eins og sjá má í töflu 3 koma þessi efnisorð *aldraðir*, *barnavernd* og *börn* fyrir tíu sinnum eða oftár.

Tafla 3. Annað efnisorð sem kom fyrir tíu sinnum eða oftár.

Annað efnisorð	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Aldraðir				2	2	2	1	1	2	1	11
Barnavernd		1		1	2	1	2	1		2	10
Börn	1		2			1		5	2		11

Upp koma 174 mismunandi efnisorð sem þriðja efnisorð. Það efnisorð sem kom oftast fyrir var *börn* og kom það fyrir 18 sinnum.

Eins og sjá má í töflu 3 kemur efnisorðið *aldraðir* 11 sinnum fyrir sem annað efnisorð og kom það fyrst fram árið 2005. Þegar annað efnisorð er skoðað út frá þriðja efnisorði má betur sjá innihald ritgerðanna. Eins og sjá má í töflu 4 hefur efnisorðið *aldraðir* komið fyrir í ritgerðum á hverju ári síðan 2005. Til þess að hægt sé að átta sig betur á innihaldi ritgerðanna voru ritgerðirnar flokkaðar niður í tvö megin þemu. Þemað Umönnun aldraðra (*búseta, félagsleg þjónusta, hjúkrunarheimili, umönnun og öldrunarþjónusta*) og þemað Andleg líðan (*félagsleg þátttaka, gæluþýraeign og þunglyndi*).

Tafla 4. Annað efnisorðið aldraðir skoðað út frá þriðja efnisorði.

Aldraðir	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Búseta		1				1		2
Félagsleg þátttaka	1				1			1
Félagsleg þjónusta								1
Gæludýra-eign			1					1
Heilsa		1						1
Hjúkrunarheimili	1							1
Umönnun			1					1
Þunglyndi				1				1
Öldrun						1		1
Öldrunarþjónusta							1	1

Efnisorðið *barnavernd* kom 10 sinnum fyrir sem annað efnisorð. Í töflu 5 má sjá að dreifingin er mikil á milli ára. Aðeins ein ritgerð fjallar beint um barnavernd en þar kom þriðja efnisorðið *tilkynningarskylda* fyrir. Til þess að betur megi sjá innihald ritgerðanna voru þær flokkaðar niður í tvö þemu. Annars vegar Forvarnir (*forvarnir, leikskólakennarar og leikskólar*), og hins vegar Börn (*börn, erlend börn*).

Tafla 5. Efnisorðið barnavernd skoðað út frá þriðja efnisorði.

Barnavernd	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Börn			1							1
Erlend börn						1				1
Félagsráðgjafar									1	1
Forvarnir						1				1
Leikskólakennarar					1					1
Leikskólar	1			1						2
Orðræða									1	1
Streita							1			1
Tilkynningarskylda				1						1

Börn kom 11 sinnum fyrir sem annað efnisorð. Þegar það er skoðað út frá þriðja efnisorði má sjá níu mismunandi útfærslur.

Dreifing á ritgerðum með efnisorðinu *börn* er lítil á milli ára og í töflu 6 má sjá að efnisorðið kemur fyrir á fimm af þessum 10 árum sem rannsóknin nær til. Til dýpkunar á efninu voru efnisorðin flokkuð í þemað Líðan (*fátækt, fíkniefnaneytendur, ofþyngd og þunglyndi*).

Tafla 6 Efniorðið börn skoðað út frá þriðja efnisorði.

Börn	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samtals
Fátækt	1							1		2
Fíkniefna- neytendur								1		1
Foreldrar								2		2
Kynfræðsla								1		1
Lausnamiðuð hugmynda- fræði			1							1
Ofþyngd			1							1
Réttindi						1				1
Unglingar									1	1
Þunglyndi									1	1

Hér á eftir verður annað efnisorð sem kom fyrir fjórum sinnum eða oftar skoðað. Efnisorðin verða skoðuð út frá þriðja efnisorði.

Eins og sjá má í töflu 7 koma sjö efnisorð fyrir fjórum sinnum eða oftar. Þau eru: *ADHD*, *afbrot*, *félagsráðgjafar*, *innflytjendur*, *ofbeldi*, *ófrjósemi* og *unglingar*. Þegar þessi orð eru skoðuð út frá þriðja efnisorði má sjá að efni ritgerðanna er fjölbreytt.

Tafla 7. Annað efnisorð sem kemur fyrir fjórum sinnum eða oftar.

Annað efnisorð	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
ADHD					2	1		2	5
Afbrot	1			1	1			1	4
Félagsráðgjafar							3	2	5
Innflytjendur			1		2			1	4
Ofbeldi				1	1			2	4
Ófrjósemi			1				3		4
Unglingar						1		3	4

Þegar efnisorðið *ADHD* er skoðað út frá þriðja efnisorði sést að dreifing er ekki mikil. Tvær ritgerðir voru skrifaðar með þriðja efnisorðinu *börn* (2008, 2010) og tvær voru skrifaðar með efnisorðinu *mataræði* (2011) og ein með efnisorðinu *grunnskólar* (2008).

Á þeim árum sem rannsóknin nær til kemur efnisorðið *félagsráðgjafar* fyrst fyrir árið 2010. Þegar ritgerðirnar er skoðaðar úr frá þriðja efnisorði kemur í ljós mikil fjölbreytni á efni. Efnisorð sem koma fyrir eru *afbrotamenn*, *áfallahjálp*, *fangar*, *landsbyggðin* og *reynslunám*, skrifuð ein ritgerð um hvert þeirra. *Afbrot* kom fjórum sinnum fyrir og þegar það er skoðað út frá þriðja efnisorðið koma þessi efnisorð fram. *Frávíkshæðun* (2007), *geðfatlaðir* (2011), *refsingar* (2004) og *ungt fólk* (2008).

Innflytjendur kom fyrir fjórum sinnum. Þegar það var skoðað úr frá þriðja efnisorði mátti sjá að engin ritgerðanna fjallaði um það sama. Efnisorðin sem komu fyrir eru *afbot* (2008), *fjölmenningar félagsráðgjöf* (2006), *gagnkvæm aðlögun* (2011) og *menningarlæsi* (2008).

Ofbeldi kom fram fjórum sinnum með þremur mismunandi orðum sem þriðja efnisorð. Skrifað var um *ofbeldi gagnvart öldruðum* árið 2008, tvær ritgerðir sem fjalla um *ofbeldi gegn börnum* árið 2011 og ein ritgerð um *kvennaathvarf* árið 2007.

Ófrjósemi kom fjórum sinnum fyrir. Þegar það er skoðað út frá þriðja efnisorð koma fram efnisorðin *staðgöngumæðrun* (2010) og *tæknifrjógvanir* sem kom fyrir þrisvar sinnum (ein ritgerð 2006 og tvær 2010).

Unglingar kom fjórum sinnum fyrir. Þegar það er skoðað út frá þriðja efnisorði er umfjöllunarefni ritgerðanna ólíkt en þær fjalla um *sjálfsmynd* (2009), *hegðunarvandamál*, *kynhegðun* (2011) og *ofbeldi* (2011).

Mikill fjöldi annarra efnisorða kemur einungis einu sinni fyrir í rannsókninni og þegar þau eru skoðuð nánar má sjá að mörg þeirra fjalla um sama málefni en eru orðuð á mismunandi hátt. Það er því áhugavert að tengja efnisorðin við þau námskeið sem kennd eru í félagsráðgjöf.

3.3 Efnisorð og námskeið

Hér á eftir verður fjallað um öll efnisorð rannsóknarinnar og þau tengd við námskeið sem kennd eru í félagsráðgjöf. Fjallað verður lítillega um hvert námskeið þar sem sagt er frá helstu markmiðum. Til þess að auðvelda lestur á niðurstöðum verður efnisorðunum ekki skipt niður á hvert ár, þess í stað verður rannsóknartímanum skipt í tvennt og nær annað tímabilið frá árinu 2002 til 2006 og hitt frá 2007 til 2011. Fyrst verður fjallað um námskeið sem kennd eru á fyrsta ári, öðru ári, þriðja ári og svo að lokum um valnámskeið sem dreifast á milli ára. Sum heiti námskeiða verða styttil þess að passa betur inn í töflu.

Til fyrsta árs falla eftirfarandi námskeið: Almenn félagsráðgjöf, Áfengis- og vímuefnamál, Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp, Fjölskyldur og fjölskyldustefna, Ofbeldi og vanræksla og Félagsmálastefnur, velferð og vandi.

Af þeim 247 ritgerðum sem falla undir rannsóknina voru skrifaðar 93 ritgerðir sem falla undir námskeið sem kennd eru á fyrsta ári og er það 38% allra ritgerðanna.

Almenn félagsráðgjöf er sex eininga námskeið og er markmið þess að kynna fyrir nemendum fjölbreytt starfshlutverk félagsráðgjafa. Einnig er ætlast til þess að nemendur nái grunnþekkingu á kenningum, hugmyndafræði, sögu og fagþróun félagsráðgjafar. Ritgerðir sem ekki pössuðu inn í önnur námskeið, flokkaði ég sem almenna félagsráðgjöf (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-a).

Eins og sjá má í töflu 8 féllu 30 ritgerðir hér undir og voru efnisorðin 23. Ritgerðirnar skiptust í 14 heimildaritgerðir og 16 rannsóknir.

Tafla 8. Námskeiðið Almenn félagsráðgjöf skoðað úr frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007- 2011	Samtals
Barnavernd	Orðræða		1	1
Brottfall	Forvarnarstarf/ Háskóli Íslands	1	1	2
Bænir	Trú	1		1
Fagþróun	Félagsráðgjafar		1	1
Félagsráðgjafar	Landsbyggð/Reynslunám		2	2
Fjölmíðlar	Félagsráðgjafar		1	1
Framhaldsskólar	Skólafélagsráðgjöf	1		1
Frístundaheimili	Börn		1	1
Grunnskólar	ADHD/ Fræðslu og skólasvið/ Sveitafélag	1	2	3
Handleiðsla	Fjölskylduþjónusta kirkjunnar		1	1
Hjónabandsráðgjöf	Meðferðafræði		1	1
Internetið	Börn		1	1
Lesblinda	Foreldrar/Skólakerfið		2	2
Markþjálfun	Handleiðsla starfsstétta		1	1
Mataraðstoð	Hjálparsamtök		1	1
Námsörðugleikar	Námstækni		1	1
Nýnemar	Aðlögun		1	1
Sérfræðigrein	Framhaldsnám	1		1
Siðfræðileg gildi	Félagsráðgjafar		1	1
Sjálfs hjálpar og stuðningshópar	Félagsráðgjafar		1	1
Skólafélagsráðgjöf	Uppeldi/Úrræði		3	3
Skólaganga	Unglingar		1	1
Trú	Tólf sporin	1		1
Samtals		6	24	30

Áfengis- og vímuefnamál er sex eininga námskeið og er meginmarkmið þess að fræða nemendur um uppbyggingu þjónustu og löggjöf sem fellur undir áfengis- og vímuefnamál. Nemendur skulu einnig ná grunnfærni í öllum helstu kenningum, skilgreiningum og skýringarlíkönunum. Nemendur læra um líkamleg og sálræn viðbrögð við neyslu sem og áhrif hennar á neytendur og fjölskyldu þeirra. Áhersla er lögð á að kynna starfshlutverk félagsráðgjafa við forvarnarstarf, ráðgjöf og fræðslu á þessu sviði (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-b).

Eins og fram kemur í töflu 9 voru 14 ritgerðir voru skrifaðar um málefnið með níu mismunandi efnisorðum. Ritgerðirnar skiptust í sex heimildaritgerðir og níu rannsóknir.

Tafla 9. Námskeiðið Áfengis- og vímuefnamál skoðað úr frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002- 2006	2007 – 2011	Samtals
AA – samtökin	Lífssýn/ Ungt fólk	2		2
Áfengi og vímuefni	Foreldrar/Unglingar		2	2
Áfengisneysla	Atvinnuleysi		1	1
Áhættuhegðun	Úrræði		1	1
Börn	Fíkniefnaneytendur/ Foreldrar		2	2
Eiturlyf	Stefnumótun	1		1
Fangar	Áfangahæimili		1	1
Konur	Áfengissýki/Húsnæðismál/ Ungt fólk		3	3
Meðferð	Eftirfylgni	1		1
Samtals		4	10	14

Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp er fjögurra eininga námskeið. Meginmarkmið þess er að kenna nemendum að þekkja afleiðingar áfalla bæði á einstaklinga og samfélög. Einnig fá þeir þjálfun í að veita sálræna skyndihjálp. Hlutverk félagsráðgjafa á vettvangi er kynnt sem og skipulag almannavarna og áfallastjórnun. Farið er í skilgreiningar á áföllum og viðbrögð við þeim, bæði andleg og líkamleg (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2009-a).

Sex ritgerðir hafa verið skrifaðar um málefni sem kennd eru á þessu námskeiði eins og sjá má í töflu 10. Ritgerðirnar skiptust í fimm heimildaritgerðir og eina rannsókn. Athyglisvert er að fjórar af sex ritgerðum í þessu námskeiði voru skrifaðar árið 2010.

Tafla 10. Námskeiðið Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002-2006	2007-2011	Samtals
Áfallastreita	Áfallahjálp		1	1
Félagsráðgjafar	Áfallahjálp		1	1
Flóttamenn	Áfallastreita		1	1
Sorg	Félagsráðgjafar		1	1
Vestmannaeyjagosið	Upplifun		1	1
Sorgarvinna	Börn		1	1
Samtals			6	6

Fjölskyldur og fjölskyldustefna er sex eininga námskeið. Markmið þess er að nemendur læri og skilji helstu kenningar, hugtök og hvar rannsóknaráherslur í fjölskyldufræðum liggja. Staða fjölskyldunnar er skoðuð, saga hennar og þróun sem og hlutverk hennar í samfélaginu. Áhersla er lögð á þá breytingu sem orðið hefur á stöðu foreldra og barna (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-c).

Í þessu námskeiði voru 23 ritgerðir skrifaðar og eins og sjá má í töflu 11. Þær skiptust í 10 heimildaritgerðir og 13 rannsóknir.

Tafla. 11 Námskeiðið Fjölskyldur og fjölskyldustefna skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2012	Samtals
ADHD	Börn		1	1
Andvana fædd börn	Foreldrar	1		1
Barneignir	Efnahagskreppur		1	1
Börn	Foreldrar/ Lausnamiðuð hugmyndafræði	1	1	2
Feður	Uppeldi		1	1
Foreldrahlutverk	Uppeldi		1	1
Fósturforeldrar	Varanlegt fóstur	1		1
Fæðingarorlof	Mæður		1	1
Hjónaskilnaðir	Börn		1	1
Ísland	Spánn		1	1
Karlar	Starfsvettvangur		1	1
Leikskólar	Fatlaðir	1		1
Ófrjósemi	Tækniþróunir	1	1	2
PMT	Foreldrar		1	1
Samkynhneigðir	Sjálfmynd		1	1
Skilnaður	Kynslóðir/ Líðan		2	2
SOS	Uppeldi		1	1
Ungt fólk	Feður		1	1
Vinna barna	Lög	1		1
Parasamband	Vinátta	1		1
Samtals		7	16	23

Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum er sex eininga námskeið. Markmið með kennslunni er að nemendur öðlist þekkingu á ofbeldi og vanrækslu. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á skilgreiningum og kenningum um ofbeldi og vanrækslu. Farið er í helstu birtingarmyndir ofbeldisins sem og afleiðingar og áhættuþætti þolenda (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2009-b).

Á tímabilinu sem rannsóknin náði til voru 16 ritgerðir skrifaðar um ýmiskonar ofbeldi. Fyrsta ritgerðin var skrifuð árið 2006 og eins og sjá má í töflu 12 voru þær með 11 mismunandi annað efnisorð. Sex ritgerðir voru skrifaðar um kynferðisofbeldi og níu um ofbeldi og skiptust þær í 11 heimildaritgerðir og fimm rannsóknir.

Tafla 12. Námskeiðið Ofbeldi og vanræksla skoðað úr frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Einelti	Grunnskólanemar/ vinnustaður		2	2
Feðraveldi	Meðferðarúrræði		1	1
Fjölskyldugerð	Heimilisofbeldi		1	1
Forvarnir	Kynferðisleg misnotkun barna		1	1
Kynferðisleg misnotkun	Geðræn vandamál	1		1
Kynferðisleg misnotkun barna	Afleiðingar		2	2
Kynferðisofbeldi	Brotáþolar/ Börn	1	1	2
Ofbeldi	Aldraðir/ Börn/ Kvennaathvarf		4	4
Systkini	Ofbeldi		1	1
Unglingar	Ofbeldi		1	1
Samtals		2	14	16

Félagsmálastefnur, velferð og vandi er sex eininga námskeið. Markmið þess er að veita nemendum grunnþekkingu á þróun velferðarkerfisins út frá sjónarhorni félagsráðgjafa. Nemendur læra grunnhugtök, kenningar sem og aðferðafræði rannsókna. Áhersla er lögð á að nemendur skilji velferðarkerfið og læri að beita þeirri heildarsýn, sem starf félagsráðgjafa er byggt upp á, þegar réttindi skjólstaðinga eru skoðuð (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-d).

Fjórar ritgerðir falla undir þetta námseið eins og sjá má í töflu 13. Þær skiptust jafnt í heimildarritgerðir og rannsóknir.

Tafla 13. Námskeiðið Félagsmálastefnur, velferð og vandi skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Börn	Fátækt	1	1	2
Félagsleg þjónusta	Aldraðir		1	1
Þjónustumiðstöðvar	Opin rými	1		1
Samtals		2	2	4

Hér verður fjallað um þau námskeið sem kennd eru á öðru ári í félagsráðgjöf. Námskeið sem kennd eru á öðru ári eru: Afbrotafræði, Félagsmálalöggjöf I framkvæmd og beiting, Félagsmálalöggjöf II um málsmeðferð og réttindi skjólstaðinga, Lífsskeiðakenningar og þroskaferli og að lokum Öldrun og málefni aldraðra Ritgerðirnar sem falla undir námskeið á öðru ári voru 52 eða alls 21% allra ritgerðanna sem rannsóknin nær til.

Afbrotafræði er sex eininga námskeið. Markmið þess er að kynna fyrir nemendum helstu viðfangsefni afbrotafræðinnar. Áhersla er lögð á félagsfræðilegar kenningar og rannsóknir (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2008-a).

Eins og sjá má í töflu 14 hafa alls 19 ritgerðir verið skrifaðar um efni sem kennt er í námskeiðinu. Ritgerðirnar skiptust í fimm heimildarritgerðir og eina rannsókn. Ritgerðunum má skipta í eftirfarandi efnisflokk; Afbrotamál, félagsráðgjafa, áfengisneyslu, feður, innflytjendur, meðferðarúrræði og uppbyggingarstefnu.

Tafla 14. Námskeiðið Afbrotafræði skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 - 2006	2007 - 2011	Samtals
Afbrot	Frávíkshögðun/ Refsingar/ Ungt fólk	1	2	3
Afbrotamenn	Afbrotafræði		1	1
Áfengisneysla	Afbrotamenn		1	1
Fangar	Aðstandendur/ Félagslegar aðstæður		2	2
Fangelsi	Börn fanga/ Refsingar	1	1	2
Fangelsisvist	Fangar	1		1
Feður	Fangelsi		1	1
Félagsráðgjafar	Afbrotamenn/ Fangar		2	2
Innflytjendur	Afbrot		1	1
Kvenfangar	Andleg líðan		1	1
Litla Hraun	Fangelsisvist		1	1
Meðferðarúrræði	Fangar		1	1
Sakhæf börn	Unglingafangelsi		1	1
Uppbyggingarstefnan	Hringurinn	1		1
Samtals		4	15	19

Félagsmálalöggjöf I, framkvæmd og beiting er átta eininga námskeið. Þrjú námskeið eru kennd í félagsmálalöggjöf og það byggir hvert á öðru. Félagsmálalöggjöf, velferð og vandi er undanfari þessa námskeiðs. Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist færni í að greina og meta rétt skjólstæðinga til þjónustu og bóta ásamt því að öðlast færni í að beita heildarsýn. Farið er í sögu og skipulag félagsþjónustu sveitafélaga, almannatrygginga, skattamála, heilbrigðis- og húsnæðismála. Starf félagsráðgjafa á þessu sviði er skoðað úr frá hlutverki og stefnumörkun (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-e).

Six ritgerðir voru skrifaðar um málefni þessa námskeiðs. Fyrsta ritgerðin var skrifuð árið 2004 og hinar 2007 eða seinna. Eins og sjá má í töflu 15 voru þær allar með stakt efnisorð. Ritgerðirnar skiptast í eina heimildarritgerð og fimm rannsóknir.

Tafla 15. Námskeiðið Félagsmálalöggjöf I, skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Foreldrar	Sveitafélag		1	1
Heimilislausir	Búsetuúrræði		1	1
Húsnaðisúrræði	Þróun		1	1
Mataraðstoð	Fjölmíðlar		1	1
Meðlagsgreiðslur	Einhleypir karlar		1	1
Stefnumótun	Lagasetningar	1		1
Samtals		1	5	6

Félagsmálalöggjöf II, um málsmeðferð og réttindi skjólstæðinga er sex eininga námskeið og er Félagsmálalöggjöf I undanfari þess. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum undirstöðuþekkingu á löggjöf sem og þeim þáttum sem snerta starfsvettvang félagsráðgjafa. Lögð er áhersla á réttindi og málsmeðferðir skjólstæðinga með umfjöllun á stjórnáskilum, dómskerfinu og refsirétti. Fjallað er um mannréttindasáttmála og alþjóðasamninga sem og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-f).

Sjö ritgerðir voru skrifaðar sem fjalla um málefni þessa námskeiðs eins og sjá má í töflu 16. Þær skiptast í þrjár heimildaritgerðir og fjórar rannsóknir. Athyglisvert er að fyrsta ritgerðin var skrifuð árið 2007.

Tafla 16. Námskeiðið Félagsmálalöggjöf II, skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Börn	Réttindi		1	1
Efnahagshrun	Velferðarþjónusta		1	1
Félagsleg þjónusta	Sveitarfélag		1	1
Félagsþjónustan	Fjárhagsaðstoð		1	1
Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna	Fjármálaráðgjöf		1	1
Samningur þjóðanna	Sameinuðu Sakhæf börn		1	1
Skuldir heimilanna	Fátækt		1	1
Samtals			7	7

Lífsskeiðakenningar og þroskaferli er sex eininga námskeið. Markmið þess er að nemendur fái þekkingu á mismunandi lífsskeiðum og þroskaáföngum sem fólk fer í gegnum á leið sinni frá vöggu til grafar (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-g).

Fimm ritgerðir voru skrifaðar í námskeiðinu eins og sjá má í töflu 17. Þær skiptast í fjórar heimildaritgerðir og eina rannsókn.

Tafla 17. Námskeiðið Lífsskeiðakenningar og þroskaferli skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Alkóhólismi	Fjölskyldan		1	1
Félagsfælni	Lífisleikni		1	1
Frávíkshægðun	Unglingar	1		1
Samskiptaþroski	Unglingar		1	1
Unglingar	Hægðunarvandi		1	1
Samtals		1	4	5

Öldrun og málefni aldraðra er sex eininga námskeið. Markmið þess er að skoða æviskeiðið með tilliti til andlegrar og líkamlegrar líðan út frá breytingaferli og lífsskeiðaþróun. Fjallað er um helstu kenningar sem og löggjöf og stefnumótun í málefnum aldraðra (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-h).

Um málefni aldraðra hafa 15 ritgerðir verið skrifaðar. Eins og sjá má í töflu 18 var dreifing efnisorða lítil. Ritgerðirnar skiptast í fimm heimildaritgerðir og 10 rannsóknir.

Tafla 18. Námskeiðið Öldrun og málefni aldraðra skoðað út frá efnisorði.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Aldraðir	Búseta/ Félagsleg þátttaka /Félagsleg þjónusta /Gæludýraeign/ Heilsa / Hjúkrunarheimili/ Umönnun/Þunglyndi/Öldrun / Öldrunarþjónusta	4	7	11
Félagsleg samskipti	Einsemd		1	1
Matslistar	Lífsgæði		1	1
Matstæki	Öldrunarþjónusta		1	1
Starfslok	Eftirlaunaaldur		1	1
Samtals		4	11	15

Hér á eftir verður fjallað um þau námskeið sem kennd eru á þriðja ári. Námskeið sem kennd eru á þriðja ári eru: Fjölmennig og fagstörf, Samfélagsvinna og notendasamráð, Félagsmálalöggjöf III, barnavernd, fjölskyldur og erfðaréttur og Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Af þeim 247 ritgerðum sem falla undir rannsóknina voru 71 eða 29% sem falla undir námskeið á þriðja ári.

Fjölmennig og fagstörf er fjögurra eininga námskeið og er markmið þess að veita nemum í félagsráðgjöf sem og nemum í annarri heilbrigðis- og félagsþjónustu þann undirbúning sem

þarf til þess að, geta sýnt skilning og haft samskipti og samvinnu við fólk af ólíkum uppruna í fjölmenningsamfélagi. Nemendur læra um stefnumótun sveitarfélaga og ríkis sem og skyldur og réttindi útlendinga. Starf mannréttindastofnanna á við Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráð er skoðað og fjallað er um lög, reglugerðir og alþjóðasamninga (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2008-b).

Fyrsta ritgerðin um málefni fjölmenningar var skrifuð árið 2006 en eins og sjá má í töflu 19 voru 11 ritgerðir skrifaðar um þetta málefni og skiptast þær í átta heimildaritgerðir og þrjár rannsóknir.

Tafla 19. Námskeiðið Fjölmennning og fagstörf skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Farandverkafólk	Félagstengsl		1	1
Flóttamenn	Kvótaflóttamenn		1	1
Innflytjendur	Fjölmenningsráðgjöf/ Gagnkvæm aðlögun/ Menningarlæsi	1	2	3
Kynlífsþrælkun	Mansal		1	1
Mansal	Barátta/ glæpastarfssemi		2	2
Rauði kross Íslands	Sveitarfélög		1	1
Sveitarfélag	Velferðarmál		1	1
Vegalaus börn	Þróun		1	1
Samtals		1	10	11

Félagsmálalöggjöf III, barnavernd, fjölskyldur og erfðaréttur er sex eininga námskeið og er það jafnframt það síðasta af þremur í félagsmálalöggjöf. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur hljóti grunnþekkingu á þeirri löggjöf sem snýr að barnavernd sem og fjölskyldu og sifjarétti. Fjallað er um starfssvið félagsráðgjafa og hvernig löggjöfin fléttast inn í starf þeirra (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2009-c).

Undir þetta námskeið falla 18 ritgerðir eins og sjá má í töflu 20. Þær skiptast í sjö heimildaritgerðir og 12 rannsóknir.

Tafla 20. Námskeiðið Félagsmálalöggjöf III, skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Barnavernd	Börn/Erlend börn/ Félagsráðgjafar/ Forvarnir/ leikskólakennarar/ leikskólar/ Streita/ tilkynningarskylda	2	7	9
Fjölskyldan	Barnavernd		1	1
Forsjárlaus	Fangelsi		1	1
Fósturforeldrar	Fósturbörn/ stuðningur		2	2
Meðlagsgreiðslur	Foreldrar		1	1
Starfsfólk	Skólar		1	1
Stjúpættleiðingar	Fjölskyldugerð		1	1
Tilkynningarskylda	Barnaverndarnefnd		1	1
Ættleiðing	Barneignir/ Hlutverk leikskólanna		2	2
Samtals		2	17	19

Félagsráðgjöf á heilbrigðisviði er fjögurra eininga námskeið og er markmið þess að veita grunnþekkingu á kenningum og aðferðafræðilegri nálgun á félagsráðgjöf á heilbrigðisviði. Lögð er áhersla á að nemendur þekki réttindi sjúklinga og séu upplýstir um hvernig hægt sé að vinna á móti sjúkdómavæðingunni (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2009-d).

Undir námskeiðið félagsráðgjöf á heilbrigðisviði falla, eins og sjá má í töflu 21., 41 ritgerð. Fjórar ritgerðir voru skrifaðar á árunum 2002 til 2006 og 37 ritgerðir voru skrifaðar á árunum 2007 til 2011. Þær skiptast næstum jafnt á milli heimildaritgerða og rannsókna.

Tafla 21. Námskeiðið Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
ADHD	Börn/ Grunnskólar/ Mataræði		4	4
Alnæmi	Fordómar/ Forvarnir		2	2
Atvinnuendurhæfing	Janus		1	1
Átraskanir	Líkamsmyndir		1	1
Barna- og unglingsageðdeild	Geðræn vandamál		1	1
Börn	Kynfræðsla/ Ofþyngd/ Þunglyndi	1	2	3
Fíkniefnameðferð			1	1
Foreldrar			1	1
Fósturgreining	Siðfræði	1		1
Fyrirburar	Áfallakreppa		1	1
Geðraskanir barna	Foreldrar		1	1
Geðræn vandamál	Börn		2	2
Geðsjúkdómur	Þjónusta		1	1
Hegðunar- og geðræn vandamál	Börn		1	1
Heilaskaði	Aðstandendur		1	1
Kynfræðsla	Unglingar		1	1
Kynheilbrigði	Kynfræðsla		1	1
Landsspítali Grensásdeild	Sjálfboðastörf		1	1
Langveik börn	Langvinnir sjúkdómar/ Réttindi	1	1	2
Líðan	Starfsumhverfi		1	1
Ófrjósemi	Staðgöngumæðrun/ Tæknifrjóvganir		2	2
Samkynhneigðir	Karlar		1	1
Sjálfsmyndir	Börn	1		1
Sjúkdómsvæðing	Heilbrigðisþjónusta		1	1
Unglingar	Kynhegðun/ Sjálfsmynd		2	2
Unglingsmæður	Þunganir		1	1
Ungt fólk	Krabbamein		1	1
Þunglyndi	Fjölskyldumeðferð/ Meðganga		2	2
Þunglyndir	Kvíði		1	1
Ættleiðing	Þunglyndi		1	1
Samtals		4	37	41

3.3.1 Efnisorð og valnámskeið

Hér á eftir verður fjallað um valfög í félagsráðgjöf. Í BA-námi í félagsráðgjöf eru 12 einingar sem falla undir valfög. Nokkur námskeið eru í boði sem val og má þar nefna: Sjálfboðastarf, Stjúpfjölskyldur, skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta, Atvinnuleysi og afleiðingar þess og Fatlaðir og samfélagið.

Ritgerðirnar verða tengdar við annað og þriðja efnisorð og niðurstöður birtar í töflu fyrir þau námskeið þar sem fleiri en tvær ritgerðir féllu undir. Alls voru skrifaðar 30 ritgerðir

sem féllu undir valnámskeið eða 12% af þeim 247 sem féllu undir rannsóknina.

Námskeiðið Sjálfboðastarf er uppsett á þann hátt að unnið er í sjálfboðastarfi yfir heilt skólaár. Markmiðið með verkefninu er að nemendur kynnist sjálfboðastarfi af eigin raun (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2007-i).

Tvær ritgerðir voru skrifaðar um málefni þessa námskeiðs. Báðar væru þær með öðru efnisorði *sjálfboðastörf*, önnur með þriðja efnisorði *Ungt fólk* (2006) hin *Viðhorf* (2005).

Fatlaðir og samfélagið er 4 eininga námskeið sem var valnámskeið samkvæmt kennsluskrá 2009-2010 en er í dag orðið að skyldunámskeiði. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur fái þekkingu á fötlun og málefnum fatlaðra. Lögð er áhersla á hlutverk félagsráðgjafans í vinnu með fötluðum. Farið er í stefnu stjórnvalda sem og þróun löggjafar í þessum málaflokki (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2008-c).

Skrifaðar voru 16 ritgerðir sem fjalla um málefni fatlaðra eins og sjá má í töflu 22. Tvær ritgerðir voru skrifaðar á árunum 2002 til 2006 og 14 ritgerðir á árunum 2007 til ársins 2011 og skiptust þær í sjö heimildaritgerðir og níu rannsóknir.

Tafla 22. Námskeiðið Fatlaðir og samfélagið skoðað út frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Afbrot	Geðfatlaðir		1	1
Barneignir	Hreyfihamlaðir		1	1
Fatlaðir	Börn/ Skólastjórar/ Systkini	1	2	3
Fötluð börn	Stuðningur samfélagsins		1	1
Fötlun	Börn		1	1
Geðfatlaðir	Búsetuþjónusta/ Húsnæðismál		2	2
Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins	Börn		1	1
Heyrnarleysi	Menntun		1	1
Heyrnarskerðing	Félagslegar aðstæður		1	1
Hreyfihamlaðir	Háskóli Íslands		1	1
Seinfærir foreldrar	Félagsþjónustan	1		1
Þarfir	Stuðningur		1	1
Heilaáverkar	Hreyfigeta		1	1
Samtals		2	14	16

Stjúpfjölskyldur, skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta er fjögurra eininga valnámskeið og stendur það nemum til boða á vorönn bæði á öðru og þriðja ári. Meginmarkmið námskeiðsins er að veita grunnþekkingu á málefnum er varða stjúpfjölskyldur. Fjallað er um rannsóknir sem gerðar hafa verið á málefnum þeirra. Áhersla er lögð á hvernig starf félagsráðgjafa kemur að málefnum. (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2011).

Sex ritgerðir hafa verið skrifaðar um málefni er varða námskeiðið eins og sjá má í töflu 23. Þær skiptust í tvær heimildaritgerðir og fjórar rannsóknir. Athyglisvert er að fjórar ritgerðanna voru skrifaðar árið 2011.

Tafla 23. Námskeiðið Stjúpfjölskyldur skoðaður úr frá efnisorðum.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Hjónaskilnaðir	Börn		1	1
Sambúðarslit	Forsjá/ Hjónaskilnaðir	1	1	2
Stjúpfjölskyldur	Fræðsluefni/ Stjúpbörn		2	2
Stjúpmæður	Stjúptengsl		1	1
Samtals		1	5	6

Atvinnuleysi og afleiðingar þess er fjögurra eininga valnámskeið. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur fái grunnþekkingu á áhrifum atvinnuleysis á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild. Farið er í hugtök og skilgreiningar rannsókna. Nemendur fá að kynnast þeim úrræðum sem í boði eru í velferðarkerfinu (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2010).

Sex ritgerðir hafa verið skrifaðar sem tengja má við námskeiðið Atvinnuleysi og afleiðingar þess eins og sjá má í töflu 24. Ein ritgerð var skrifuð á árunum 2002 til 2006 og fimm ritgerðir á árunum 2007 til 2011. Þær skiptast í fjórar heimildaritgerðir og tvær rannsóknir.

Tafla 24. Námskeiðið Atvinnuleysi og afleiðingar þess skoðað út frá þriðja efnisorði.

Efnisorð tvö	Efnisorð þrjú	2002 – 2006	2007 – 2011	Samtals
Atvinnuleysi	Efnahagshrun/ foreldrahlutverk		3	3
Efnahagskreppur	Heimilisofbeldi/ foreldrahlutverk		2	2
Félagsþjónusta	Atvinna	1		1
Samtals		1	5	6

3.3 Ritgerðir og leiðbeinendur

Hér að ofan hafa efnisorð verið tengd við námskeið sem kennd eru í félagsráðgjöf en í þessum kafla verða námskeiðin tengd við umsjónarmann/leiðbeinanda. Einungis eru teknar niðurstöður fyrir þá sem fastráðnir eru við deildina. Fjöldi ritgerða sem umsjónarmenn/leiðbeinendur hafa leiðbeint með miðast út frá þeim 247 ritgerðum sem falla undir rannsóknina. Sum heiti námskeiða voru styttil þess að passa betur inn í töflu.

Anni G. Haugen var ráðin lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands í lok árs 2006 og hefur unnið við deildina síðan. (Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, 2006). Anni hefur leiðbeint með 35 af ritgerðunum frá árinu 2007 og skiptast þær í 15 heimildarritgerðir og 20 rannsóknir. Eins og sjá má í töflu 25 dreifast ritgerðirnar á milli tíu námskeiða.

Tafla 25. Ritgerðir sem Anni G. Haugen hefur leiðbeint með.

Anni G. Haugen	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotufræði			1		1	2
Almenn félagsráðgjöf		1			2	3
Atvinnul. og afleiðing.					1	1
Áfengis, vímuefnamál		1				1
Félagsmálalöggjöf II	1	1				2
Félagsmálalöggjöf III	1	5	1	1		8
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði	2	3	2	2	2	11
Fjölskyldur og fjölskyldustefna	1	1	2			4
Ofbeldi og vanræksla		1				1
Stjúpfjölskyldur					2	2
Samtals	5	13	6	3	8	35

Chien Tai Shill var ráðin aðjúnkt við deildina árið 2010 (Ásdís Ýr Arnardóttir munnleg heimild 10. apríl 2012) og hefur hún leiðbeint nemendum í fjórum af ritgerðunum frá árinu 2008 og skiptast þær milli tveggja námskeiða; sjá töflu 26. Ritgerðirnar skiptast í þrjár heimildarritgerðir og eina rannsókn.

Tafla 26. Ritgerðir sem Chien Tai Shill hefur leiðbeint með.

Chien Tai Shill	2008	2009	2010	2011	Samtals
Fjölmennung og fagstörf			1		1
Ofbeldi, vanræksla	1		1	1	3
Samtals	2		2	1	4

Freydís J. Freysteinsdóttir hóf störf hjá félagsráðgjafardeild árið 2002 og var þá ráðin sem lektor (Háskóli Íslands, 2002). Hún hefur leiðbeint með 28 af ritgerðum síðan árið 2003. Eins og sjá má í töflu 27 raðast ritgerðirnar niður á 10 námskeið og flokkast í níu heimildaritgerðir og 19 rannsóknir.

Tafla. 27 Ritgerðir sem Freydís J. Freysteinsdóttir hefur leiðbeint með.

Freydís Freysteinsdóttir	J.	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotafræði			1								1
Almenn félagsr.										1	1
Áfengis, vímuefnamál			1		1						2
Fatlaðir, samfélagið	1	1									2
Félagsmálalöggjöf III	1			1	2				1		5
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði			1		1	1	1	2			6
Fjölm. og fagstörf						1					1
Fjölskyldur og fjölskyldustefna			1			1			1		3
Ofbeldi og vanræksla					1	1			2	1	5
Öldrun, mál aldraðra						1					1
Annað			1								1
Samtals		2	6	1	5	5	1	2	4	2	28

Guðný Björk Eydal var ráðin sem stundakennari við deildina árið 1996 (Guðný Björk Eydal munnleg heimild, 12. mars 2012). Árið 1999 var hún ráðin sem lektor (Háskóli Íslands, 1999), árið 2006 varð hún dósent við deildina (Háskóli Íslands, 2006) og árið 2009 gegndi hún starfi deildarforseta (Háskóli Íslands, 2009). Guðný Björk hefur verið leiðbeinandi í 30 af ritgerðunum sem skiptast í 18 heimildaritgerðir og 12 rannsóknir. Þær falla undir ellefu námskeið eins og sjá má í töflu 28.

Tafla 28. Ritgerðir sem Guðný Björk Eydal hefur leiðbeint með.

Guðný B. Eydal	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotafræði								1			1
Almenn félagsr.							1	1	1		3
Atvinnuleysi	1								1		2
Áföll, sorg og sálrænn stuðn.						1					1
Fatlaðir, samfél.						1		1			2
Félagsm, löggjöf I			1			2				1	4
Félagsm, löggjöf II						1			1	1	3
Félagsm, stefnur	1										1
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði					1	1			1		3
Fjölm. og fagstörf					1				2		3
Fjölskyldur og fjölskyldustefna			1		2			1	2	1	7
Samtals	2		2		4	6	1	4	8	3	30

Halldór S. Guðmundsson var ráðinn í 100% starf á árið 2009 (Háskóli Íslands, 2009) og frá þeim tíma hefur hann leiðbeint nemendum með 17 ritgerðunum. Ritgerðirnar dreifast nokkuð jafnt á milli átta námskeiða eins og sjá má í töflu 29. Ritgerðirnar skiptast nokkuð jafnt í heimildaritgerðir og rannsóknir.

Tafla 29. Ritgerðir sem Halldór S. Guðmundsson hefur leiðbeint með.

Halldór S. Guðmundsson	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotafræði		1		1
Almenn félagsráðgjöf		1		1
Atvinnuleysi og afleiðingar þess	1	2		3
Áfengis- og vímuefnamál	1	1		2
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði	1	1		2
Fjölskyldur og fjölskyldustefna			1	1
Ofbeldi og vanræksla			1	1
Öldrun og málefni aldraðra	5	1		6
Samtals	8	7	2	17

Árið 2009 var Hervör Alma Árnadóttir ráðin aðjúnkt við félagsráðgjafardeildina (Háskóli Íslands, 2009). Frá þeim tíma hefur hún leiðbeint nemendum með í sjö af ritgerðunum. Þær skiptast á milli þriggja námskeiða eins og sést í töflu 30. Ritgerðirnar skiptast í sex heimildaritgerðir og eina rannsókn.

Tafla 30. Ritgerðir sem Hervör Alma Árnadóttir hefur leiðbeint með.

Hervör A. Árnadóttir	2010	2011	Samtals
Almenn félagsráðgjöf		1	1
Félagsmálalöggjöf III	2	2	4
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði	2		2
Samtals	4	3	7

Hrefna Ólafsdóttir starfaði sem stundakennari við deildina til ársins 2009 en var hún þá ráðin sem aðjúnkt við deildina í 50% stöðu (Háskóli Íslands, 2009). Hún hefur leiðbeint nemendum með 12 af ritgerðunum síðan árið 2006. Ritgerðirnar sem hún hefur leiðbeint með falla undir fimm námskeið eins og sjá má í töflu 31. Þær skiptast í tíu heimildaritgerðir og tvær rannsóknir.

Tafla 31. Ritgerðir sem Hrefna Ólafsdóttir hefur leiðbeint með.

Hrefna Ólafsdóttir	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotufræði						1	1
Almenn félagsr.						1	1
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði		1		1		3	5
Fjölskyldur og fjölskyldustefna		1					1
Ofbeldi, vanræksla	1				1	2	4
Samtals	1	2	0	1	1	7	12

Sigrún Júlíusdóttir var ráðin við deildina árið 1991 (Háskóli Íslands, 1991) og var það árið 2000 sem hún var ráðin sem prófessor (Háskóli Íslands, 2002) og hefur hún unnið við deildina síðan. Sigrún hefur leiðbeint nemendum með 28 af ritgerðunum frá árinu 2002. Eins og sjá má í töflu 32 falla þær undir tíu námskeið. Ritgerðirnar skiptast jafnt í heimildaritgerðir og rannsóknir.

Tafla 32. Ritgerðir sem Sigrún Júlíusdóttir hefur leiðbeint með.

Sigrún Júlíusdóttir	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotafraeði					1		2	2	1		6
Almenn félagsráð.	2	1		1	1	1	4				10
Áföll, sorg, sálrænn stuðn.									1		1
Fatlaðir, samfélagið							1				1
Félagsmálastefnur								1			1
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði							1				1
Fjölskyldur og fjölskyldustefna		1		1			1		2		5
Stjúpfjölskyldur				1				1		1	3
Samtals	2	2	0	3	2	1	9	4	4	1	28

Sigurveig H. Sigurðardóttir var ráðin lektor í Félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 2003 (Háskóli Íslands, 2003). Á þeim árum sem hún hefur sinnt starfi hefur hún leiðbeint nemendum við ritgerðarsmíðar. Eins og sjá má í töflu 33 hefur hún leiðbeint með 21 af ritgerðunum og falla þær undir níu námsgreinar. Ritgerðirnar skiptast í átta heimildaritgerðir og þrettán rannsóknir.

Tafla 33. Ritgerðir sem Sigurveig H. Sigurðardóttir hefur leiðbeint með.

Sigurveig H. Sigurðardóttir	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Almenn félagsráðgjöf	1								1
Áfengi/vímuefnamál				1			1		2
Áföll, sorg og sálrænn stuðningur								1	1
Fatlaðir, samfélagið				1	1			1	3
Félagsmálastefnur								1	1
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði	1			1					2
Lífsskeiðakenningar	1						1		2
Ofbeldi, vanræksla					1				1
Öldrun, mál aldraðra		2	2	1	1		1	1	8
Samtals	3	2	2	4	3		3	4	21

Steinunn Hrafnisdóttir var ráðin lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands árið 2002 (Háskóli Íslands, 2002). Hún varð dósent við deildina árið 2007 (Háskóli Íslands, 2007).

Hún hefur leiðbeint nemendum við skrif á 29 af ritgerðunum síðan árið 2002 og eins og sjá má í töflu 34. Þær falla undir 10 námsgreinar og skiptast í fimm heimildaritgerðir og 24 rannsóknir.

Tafla 34. Ritgerðir sem Steinunn Hrafnisdóttir hefur leiðbeint með.

Steinunn Hrafnisdóttir	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Samtals
Afbrotafræði				1			2				3
Almenn félagsr.			1		1		1	1		1	5
Áfengi/vímuefni	1		1	1		1				1	5
Fatlaðir,samfél					2					1	3
Félagsm.lög II						1		1			2
Félagsm.stefnur					1						1
Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði							2	1		2	5
Fjölskyldur og fjölskyldustefna			1		1						2
Lífsskeiða-kenningar						1					1
Sjálfböðastarf				1	1						2
Samtals	1		3	3	6	3	5	3		5	29

4 UMRÆÐA

Í þessari rannsókn þar sem 247 BA-ritgerðir félagsráðgjafnema voru notaðar sem rannsóknargögn var leitast eftir að skoða hvert helsta viðfangsefni ritgerðanna var. Leitast var við að skoða hvort í þeim væru ákveðnir straumar eða stefnur er varðar efnisinnihald. Í rannsókninni var einnig leitað svara við því hvort ritgerðirnar tilheyrðu einu námskeiði frekar en öðru og hvort námskeið sem kennd voru á fyrsta, öðru eða þriðja ári fengu mismikla athygli.

Frá vori 2002 til vors 2011 voru skrifaðar 247 BA-ritgerðir í félagsráðgjöf. Þær skiptust nokkuð jafnt í heimildaritgerðir og rannsóknir. Ekki kemur ójafnt kynjahlutfall þeirra sem skiluðu inn BA-ritgerð á óvart því konur hafa alltaf verið í meirihluta í félagsráðgjafardeildinni. Á þessum árum voru 227 konur og 20 karlar sem skiluðu inn ritgerð. Árið 2011 var 51 ritgerð skilað inn og eru það mun fleiri en áður en þess má þó geta að einungis er um vorönn 2011 er ræða. Mikil aukning var í skrifum á BA-ritgerðum í félagsráðgjafanáminu árið 2008 sem bendir til þess að nemendum hafi fjölgað árið 2006 þegar sú breyting varð á að námið var kennt sem þriggja ára BA-nám.

Rannsóknin gekk út á að skrá og flokka fyrsta, annað og þriðja efnisorð opinna BA-ritgerða frá árinu 2002 til vors 2011. Þar sem um ritgerðir í félagsráðgjöf er að ræða voru allar ritgerðirnar með fyrsta efnisorð sameiginlegt en það er efnisorðið *félagsráðgjöf*. Upp komu 149 mismunandi annað efnisorð og voru nokkur þeirra sem komu fyrir tvisvar sinnum eða oftár en engu að síður er efni ritgerðanna fjölbreytt. Til þess að auðveldara sé að átta sig á fjölbreytni ritgerðanna var skoðað hvaða efnisorð komu fyrir tíu sinnum eða oftár. Efnisorðið *barnavernd* kom fyrir 10 sinnum og efnisorðin *börn* og *aldraðir* komu fyrir 11 sinnum.

Efnisorðið eitt og sér segir lítið til um innihald ritgerðanna en þegar það er skoðað út frá þriðja efnisorði kemur innihald ritgerðanna betur í ljós. Allar 10 ritgerðirnar um málefni aldraðra eru með mismunandi þriðja efnisorði og er innihald þeirra því mjög margbreytilegt. Fyrsta ritgerðin um málefni aldraðra sem rannsóknin nær til var skrifuð árið 2005 en síðan þá hafa ein eða fleiri ritgerðir verið skrifaðar á ári. Þegar annað efnisorðið *börn* er skoðað út frá þriðja efnisorði koma fram níu mismunandi efnisorð. Þó ritgerðir með efnisorðinu *börn* hafi verið skrifaðar frá árinu 2002 þá er dreifingin á því ekki mikil því árið 2009 var það notað í

fimm ritgerðum. Þegar efnisorðið *barnavernd* var skoðað út frá þriðja efnisorði og komu fram níu mismunandi efnisorð sem dreifðust jafnt á milli ára frá 2003 til 2011.

Það er því óhætt að segja að málefni barna séu nemendum í félagsráðgjöf hugleikin því engin væri barnaverndin án barnanna en efnisorðið *börn* kom einnig oftast fyrir sem þriðja efnisorð eða 18 sinnum.

Til þess að skoða umfjöllunarefni ritgerðanna nánar var skoðað hvaða annað efnisorð kom fyrir fjórum sinnum eða oftast og voru þau sjö. *ADHD* og *félagsráðgjafar* komu fyrir fimm sinnum og efnisorðin *afbrot*, *innflytjendur*, *ofbeldi*, *ófrjósemi* og *unglingar* komu fyrir fjórum sinnum. Það var athyglisvert þegar efnisorðið *ADHD* var skoðað út frá þriðja efnisorði að margbreytileiki efnisins var ekki mikill. Tvær fjölluðu um *ADHD* og *börn* og tvær um *ADHD* og *mataræði* en þær voru báðar skrifaðar árið 2011.

Með því að flokka efni ritgerðanna niður á þau námskeið sem kennd eru í félagsráðgjöf má betur átta sig á efni þeirra. Námskeiðin voru flokkuð eftir því á hvaða ári þau voru kennd samkvæmt kennsluáætlun árið 2008 til 2009. Um leið og þetta er skoðað er rannsóknarspurningunni, hvort ákveðin námskeið fái meiri athygli nemenda en önnur, svarað og einnig hvort námskeið sem kennd eru á ákveðnu námsári fái frekar athygli nemenda þegar kemur að því að velja efni til BA-ritgerðar.

Þegar námskeiðin eru skoðuð út frá árum má sjá að alls voru 93 ritgerðir skrifaðar sem flokka má undir námskeið sem kennd eru á fyrsta ári eða 38% ritgerðanna. Þessar ritgerðir skiptust í 47 heimildaritgerðir og 46 rannsóknir. 52 ritgerðir falla undir annað námsár eða 21% ritgerðanna og skiptust þær í 23 heimildaritgerðir og 29 rannsóknir. Að lokum var skrifuð 71 ritgerð sem falla undir þriðja námsár eða 29% ritgerðanna. Ritgerðirnar skiptast í 36 heimildaritgerðir og 35 rannsóknir.

Í félagsráðgjöf er stór hluti námsins bundinn í skyldufögum en 12 einingar eru í valfögum ef miðað er við kennsluskrá 2008 til 2009 og er það val nemenda hvenær þau eru tekin. Ritgerðir sem falla undir valnámskeið voru 30 eða 12% af ritgerðunum.

Ritgerðirnar dreifast vel á milli námskeiðanna. Undir fyrsta árs námskeið falla flestar ritgerðirnar (30) undir námskeiðið Almenn félagsráðgjöf. Dreifing ritgerðanna var mikil og

voru þær með 23 ólík efnisorð, tvö efnisorð komu fyrir þrisvar sinnum en það voru *skólafélagsráðgjöf* og *grunnskólar*, tvö komu fyrir tvisvar en það voru *brottfall* og *lesblinda*.

Á öðru ári voru flestar ritgerðirnar(19) skrifaðar um efni sem fellur undir Afbrotafræði með 14 mismunandi efnisorðum. Efnisorðið *afbrot* kom fyrir þrisvar sinnum og efnisorðin *fangar*, *fangelsi* og *félagsráðgjöf* komu fyrir þrisvar sinnum.

Flestar ritgerðirnar (41) féllu undir námskeiðið Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði sem kennt er á þriðja ári. Mikil margbreytileiki var í efni ritgerðanna en upp komu 30 ólík efnisorð. Efnisorðið *ADHD* kom fyrir fjórum sinnum, *börn* þrisvar sinnum og efnisorðin *alnæmi*, *geðræn vandamál*, *langveik börn*, *ófrjósemi*, *unglingar* og *þunglyndi* komu fyrir tvisvar sinnum.

Af valnámskeiðum sem í boði eru í félagsráðgjöf féllu flestar (16) ritgerðirnar undir námskeiðið *fatlaðir* og *samfélagið* og voru þær með 13 ólíkum efnisorðum. Efnisorðið *fatlaðir* kom fyrir þrisvar sinnum og efnisorðið *geðfatlaðir* kom fyrir tvisvar sinnum.

Til þess að sjá sem best hvernig efni ritgerðanna raðast niður á umsjónarmenn/leiðbeinendur voru þær flokkaðar eftir námskeiðum og síðan tengdar við leiðbeinendur/umsjónarmenn.

Almennt eru námskeiðin að dreifast jafnt niður á kennara, hver kennari er að leiðbeina með ritgerðir sem falla undir um það bil 10 námskeið af þeim 18 sem falla undir þessa rannsókn.

Anni G. Haugen hefur leiðbeint í 35 af ritgerðunum á fimm árum. Þær dreifast á milli tíu námskeiða en flestar flokkast undir Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði (11) og skipast í 15 heimildaritgerðir og 20 rannsóknir.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir hefur verið leiðbeinandi í 28 af ritgerðunum á þeim níu árum sem hún hefur verið fastráðin kennari við deildina. Flestar ritgerðirnar falla undir námskeiðin Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði (6) og Ofbeldi og vanræksla (5). Flestar ritgerðirnar sem Freydís hefur leiðbeint með falla undir rannsóknir (19).

Guðný Björk Eydal hefur verið leiðbeinandi í 30 ritgerðunum á tíu árum. Ritgerðirnar sem hún hefur verið leiðbeinandi með dreifast vel á milli 11 námskeiða. Flestar ritgerðanna falla undir námskeiðið Fjölskyldur og fjölskyldustefnur (7). Ritgerðirnar skiptust í 18 heimildaritgerðir og 12 rannsóknir. Guðný Björk hefur umsjón með námskeiðinu Félagsmálalöggjöf I og hefur hún leiðbeint í öllum ritgerðunum sem fallið hafa þar undir.

Halldór S. Guðmundsson hefur verið leiðbeinandi í 17 af ritgerðunum á þeim þremur árum sem hann hefur verið í fullu starfi við Háskólann. Ritgerðirnar skiptast á milli átta námskeiða og flestar falla undir námskeiðið Öldrun og málefni aldraðra (6)

Sigrún Júlíusdóttir hefur verið leiðbeinandi í 20 ritgerðum frá árinu 2002. Þær dreifast á milli átta námskeiða. Flestar falla undir námskeiðið Almenn félagsráðgjöf (10)

Sigurveig H. Sigurðardóttir hefur verið leiðbeinandi í 21 af ritgerðunum frá árinu 2004. Ritgerðirnar falla undir níu námskeið en flestar ritgerðanna falla undir námskeiðið Öldrun og málefni aldraðra (8). Átta ritgerðanna eru heimildaritgerðir og 13 þeirra eru rannsóknir.

Steinunn Hrafnisdóttir hefur leiðbeint nemendum í 29 af ritgerðunum og skiptast þær nokkuð jafnt milli 10 námskeiða. Flestar ritgerðirnar falla undir þrjú námskeið, Almenn félagsráðgjöf (5), Áfengis og vímuefnamál (5) og Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði (5). Flestar ritgerðirnar sem Steinunn hefur leiðbeint með eru rannsóknir eða 24 af 29.

Meðan unnið var að ritgerðinni og öll þessi fjölbreyttu efnisorð komu í ljós vaknað upp spurning „hvað fær fólk til þess að velja efni ritgerðar sinnar?“ Til þess að svara forvitninni var gerð örstutt spurningakönnun á Survey Monkey.com og var hún send á nemendur í félagsráðgjöf sem og eldri nemendur í gegnum Facebook. 70 manns svöruðu könnunni. 45,7% völdu efnið vegna mikils áhuga á efninu en höfðu enga reynslu af því. 41,4% völdu efnið vegna mikils áhuga en jafnframt vegna reynslu af málefninu. Af þeim höfðu 20% persónulega reynslu og 17,1% þekktu einhvern nákominn þeim hafði reynslu af málefninu. 7,1% svarenda fengu efnið í gegnum leiðbeinanda, 5,7% völdu efnið haldahófskennt og 1,4% voru að skrifa ritgerð með öðrum, þar sem hinn aðilinn hafði valið efnið.

Við gerð þessarar rannsóknar vöknudum upp ýmsar vangaveltur. Til dæmis þessi spurning hér að ofan um hvað varð til þess að nemendur völdu það efni sem þeir skrifuðu um. Einnig kæmi til greina að skoða einkunnir ritgerða út frá umsjónarmönnum/leiðbeinendum. Skoða hvort þeir sem fá leiðsögn fá einum umsjónarmanni eru að fá hærri einkunn en nemandi sem fær leiðsögn frá öðrum. Þessi spurning vaknaði þegar samnemendur ræddu um hversu oft þeir fengu yfirlestur frá umsjónarmanni/leiðbeinanda en þar virðast ekki gilda fullkomlega samhæfðar reglur, enda tilefni til að ætla að nemendur hafi ólíkar þarfir í því efni sem öðru.

HEIMILDASKRÁ

- Ása Fanney Þorgeirsdóttir, Jóna Eggertsdóttir og Rannveig Gunnarsdóttir. (2008). Ágrip af sögu Stéttarfélags Íslenska félagsráðgjafa. Í Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir (ritnefnd), *Félagsráðgjafatal (bls.11-47)* Félagsráðgjafafélag Íslands.
- Beckett, C og Taylor, H. (2010). *Human Growth and Development* (2. Útgáfa). London Sages.
- Beels, C. (2002). Notes for a cultural history of family therapy [rafræn útgáfa]. *Family Process*, 41(1), 67-82.
- Dewey. J. (2000). *Reynsla og menntun.*(Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).
- Festenstein, M. (2009). Dewey's Political Philosophy. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* Sótt þann 16. apríl 2012 af <http://plato.stanford.edu/archives/spr2009/entries/dewey-political/>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2009-d). *Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði, Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10063720>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-a). *Almenn félagsráðgjöf: Saga, kenningar og fagþróun, Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060026>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-b). Áfengis- og vímuefnamál, *Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060820086>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-c). *Fjölskyldur og fjölskyldustefna, Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10061320090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-d). Félagsmálastefnur – velferð og vandi, *Kennsluskrá.* Sótt 8. Mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060120090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-e). *Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting, Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060220086>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-f). *Félagsmálalöggjöf II: Um málsmeðferð og réttindi skjólstæðinga, Kennsluskrá.* Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10064220090>

- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-g). *Lífsskeiðakenningar og þroskaferli, Kennsluskrá*. Sótt 8.mars af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10063120090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-h). *Öldrun og málefni aldraðra, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060720090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2007-i). *Sjálfböðastarf: Sérverkefni, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10063220090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2008-a). *Afbrotufræði, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10042120086>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2008-b). *Fjölmening og fagstörf, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10061620086>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2008-c). *Fatlaðir og samfélagið, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10062920090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2009-a). *Áföll, Sorg og sálræn skyndihjálp, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10063420090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2009-b). *Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum, Kennsluskrá*. Sótt 8. Mars 2012 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10060920090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2009-c). *Félagsmálalöggjöf III: Barnavernd og sifjaréttur, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=10064120090>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2009-e). *Reglur um BA- ritgerð í félagsráðgjöf*. Sótt 15 mars 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/deildir/felagsradgjafar/2008_2009/Reglur_um_BA_ritger__ir_sam__12112009doc.pdf
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2010). *Atvinnuleysi og afleiðingar þess, Kennsluskrá*. Sótt 8 mars 2012 af: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=70018220096>
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2011). *Stjúpfjölskyldur: skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta, Kennsluskrá*. Sótt 8. mars 2011 af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=70018120096>

- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2012-a). *Félagsráðgjöf, Kennsluáætlun 2008 til 2009*. Sótt þann 12. mars 2012 af https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100600_20086
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2012-b). *Félagsráðgjöf, Kennsluskra 2011-2012*. Sótt 23. mars 2012 af https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100600_20116#Mmarkmid
- Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. (2012-c). *Félagsráðgjöf, Kennsluskra 2008-2009*. Sótt 18. apríl 2012 af
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (2010). *Félagsráðgjafar með starfsleyfi*. Sótt 07. mars 2012 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=91&Itemid=97>
- Hamington, M. (2010). Jane Addams. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 16. apríl 2012 af <http://plato.stanford.edu/archives/sum2010/entries/addams-jane/>
- Háskóli Íslands. (1979). *Kennsluskra Háskólaárið 1979 - 1980*. Reykjavík.
- Háskóli Íslands. (1980). *Kennsluskra Háskólaárið 1980 - 1981*. Reykjavík.
- Háskóli Íslands. (1991). *Kennsluskra Háskólaárið 1991 - 1992*. Reykjavík.
- Háskóli Íslands. (1999). *Árbók Háskóla Íslands 1999*. Sótt 12. mars 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_1999.pdf
- Háskóli Íslands. (2002). *Árbók Háskóla Íslands 2002*. Sótt 29. febrúar 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_2002.pdf
- Háskóli Íslands. (2003). *Árskýrsla Háskóla Íslands 2003*. Sótt 29. febrúar 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_2003.pdf
- Háskóli Íslands. (2005). *Árbók Háskóla Íslands 2005*. Sótt 12. mars 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_2005.pdf
- Háskóli Íslands. (2006). *Árbók Háskóla Íslands 2006*. Sótt 29. febrúar 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_2006.pdf
- Háskóli Íslands. (2007). *Árbók Háskóla Íslands 2007*. Sótt 29. febrúar 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/Arbok_Haskola_Islands_2007.pdf
- Háskóli Íslands. (2009). *Árbók Háskóla Íslands 2009*. Sótt 11. mars 2012 af http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/markads_og_samskiptasvid/kynningarmal/Arbok_2009_lowres.pdf
- Háskóli Íslands. (2012-a). *Skráðir nemendur 2010-2011-Heildartölur*. Sótt 20. apríl 2012 af http://www.hi.is/is/skolinn/skradir_nemendur_2010_2011_heildartolur

Háskóli Íslands. (2012-b). *Skráðir framhaldsnemar frá 2000*. Sótt 20. apríl 2012 af http://www.hi.is/is/skolinn/skradir_framhaldsnemar_fra_2000

Murdach, A. (2007). Situational Approaches to Direct Practice: Origin, Decline, and Re-emergence [rafræn útgáfa]. *Social Work*, 52(3), 211-8.

Sigrún Júlíusdóttir. (1989). *Félagsráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun*. Háskólaútgáfan

Smith, M. K. (2002) Casework and the Charity Organization Society, *the encyclopedia of informal education*. Sótt 08. mars 2012 af http://www.infed.org/socialwork/charity_organization_society.htm.

Social settlement. (2009). In *Encyclopedia Britannica*. Sótt. 08. mars 2012 af <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/551438/social-settlement>.